

Lög Flúgklúbbs Flúða

Breytt á aðalfundi árið 2024

1. gr

Nafn félagsins er Flugklúbbur Flúða. Skammstafað FKF. Aðsetur félagsins er á Flúðum.

2. gr

Tilgangur félagsins er:

- að stuðla að framgangi flugmála.
- að vinna að hugsmuna- og áhugamálum félagsins.
- Umsjón og rekstur á Flúðaflugvelli
- Umsjón og rekstur á flugstöð

Tilgangi sínum hyggst klúbburinn ná með því að starfa að þeim málefnum og markmiðum sem félagar ákvarða á aðal- og félagsfundum

3. gr

Allir áhugamenn um flug, sem greiða árgjald til félagsins eru löggildir félagar.

4. gr

Stjórn félagsins skal skipuð fimm félagsmönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega á hverjum aðalfundi en að öðru leyti skiptir stjórn sjálf með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

5. gr

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert og skal boða til hans með að minnst 10 daga fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Til samþykktar breytingum á lögum klúbbsins þarf þó samþykki 2/3 hluta atkvæða þeirra sem mættir eru á fundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar lögð fram
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Umræður um skýrslu og reikninga
- Ákvörðun félagsgjalda
- Lagabreytingar
- Kosning formanns
- Kosning annarra stjórnarmanna
- Önnur mál

Framboð til stjórnar skal berast formanni stjórnar klúbbsins í síðasta lagi fyrir upphaf aðalfundar.

6. gr
Starfsár félagsins skal miðast við almanaksár. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.
7. gr
Kosningarétt hafa allir löggildir félagar klúbbsins enda hafi þeir greitt árgjald yfirstandandi starfsárs. Atkvæðisbær félagsmaður má veita öðrum atkvæðisbærum félagsmanni umboð til að fara með atkvæði sitt á aðalfundi. Hver einstaklingur getur mest haft umboð tveggja félagsmanna. Umboð skulu vera skrifleg eða send rafrænt til stjórnar. Fundarstjóri staðfestir gildi umboða. Umboð skal skráð í fundargerð. Umboð skal telja sem mætingu.
Biðji fullgildur félagi um að kosning verði leynileg skal við því orðið.
8. gr
Aðalfundur skal ákveða félagsgjald hverju sinni. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.
9. gr
Meiri hluti stjórnar eða 1/3 hluti félagsmanna getur krafist aukafundar.
10. gr
Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til starfa að ákveðnum verkefnum eftir því sem þurfa þykir. Einnig geta félagsfundir kosið slíkar nefndir.
11. gr
Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins.
12. gr
Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með 2/3 hluta atkvæða og renna eignir þess til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á slitafundi.

Þannig samþykkt á stofnfundi klúbbsins 8. júní 1988

Þannig breytt á aðalfundi 21. apríl 2024